
Aukafundur fulltrúaráðs STEFs 16. desember 2019
Fundargerð – útdráttur

Mánudaginn 16. desember 2019 var haldinn fulltrúaráðsfundur hjá STEFi. Fundurinn var haldinn að að Laufásvegi 40 og hófst kl. 17:00. Til hans var boðað í samræmi við samþykktir STEFs, með fundarboði sem sent var út með tölvupósti þann 20. nóvember 2019.

Mættir voru: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Sigurður Flosason, Bragi Valdimar Skúlason, Páll R. Pálsson, Gunnar Þórðarson, Atli Ingólfsson, Helgi Björnsson, Jón Ólafsson, Elín Gunnlaugsdóttir, Salka Sól Eyfeld, Snorri Helgason, Jakob Frímann Magnússon, Gunnar Andreas Kristinsson, Lárus Grímsson, Óttarr Proppé, Hafdís Bjarnadóttir og Þórunn Gréta Sigurðardóttir. Að auki sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Formaður fulltrúaráðs, Atli Ingólfsson setti fundinn, gerði grein fyrir fundarboðun og stýrði fundi. Gengið var til boðaðarar dagskrár.

Fundarritari var kjörinn Guðrún Björk Bjarnadóttir.

1. Yfirlit yfir úthlutanir STEFs á árinu.

Guðrún Björk Bjarnadóttir gerði stuttlega grein fyrir helstu lykiltölum í úthlutunum ársins 2019:

Kr. 223.925.000	- Aðalúthlutun (fyrrir og síðari)
Kr. 30.017.753	- Tónleikaúthlutanir
Kr. 96.478.515	- Úthlutun erlendra tekna
Kr. 37.079.701	- NCB og NMP (útgáfur og tónlistarveitur)
Kr. 15.000.000	- Sérst. framl. í Ferðasjóð skv. ákv. stjórnar
Kr. 301.285	- Leiðréttingar
Kr. 402.802.254	- Samtals úthlutað til innlendra rétthafa
Kr. 182.012.196	- Úthlutað til erlendra rétthafa
Úthlutun alls 584.814.450 kr. (um 6% hækkun á milli ára)	

2. Kynning Dr. Ránar Tryggvadóttur á nýrri tilskipun Evrópusambandsins um höfundarétt á hinum stafræna innri markaði.

Rán fór sérstaklega yfir 17. gr. tilskipunarinnar, sem lýtur að notkun verndaðs efnis af hálfu þjónustuveitenda efnisdeilingu á netinu og 18. gr. tilskipunarinnar, er lýtur að sanngjörnu endurgjaldi til höfunda og flytjenda. Í framhaldi urðu nokkrar umræður um efnið og fannst sumum fundarmanna að 17. gr. gengi ekki nægilega langt hvað varðar skyldur þjónustuveitenda.

3. Yfirlit yfir nýlegar breytingar á skattalögum, sem fela í sér að greiddur verður fjármagnstekjuskattur af tilteknum höfundaréttartekjum.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þessum breytingum, auk þess sem Jakob Frímann Magnússon sagði einnig frá tilurð þessara breytinga. Mikil ánægja var meðal fulltrúa um þessar skattalagabreytingar. Ákveðið var að STEF myndi ekki senda sérstaka umsögn um reglugerðardrögin, sem eru í samráðsferli á samráðsgátt stjórnarráðsins.

4. Önnur mál.

Ekki voru borin upp fleiri mál.

Formaður fulltrúaráðs sleit fundi kl. 18:30.